

60. fundur

Fundur haldinn hjá safna- og menningarmálanefnd þriðjudaginn 5. desember 2006 kl. 17.00 í Ráðhúsinu. Mættir voru undirritaðir.

1. Farið yfir flutningana og hvernig þau mál standa í dag. Miðað er við að flytja helgina 9.-10. desember nk. Ragnheiður Óladóttir kemur til starfa 11. desember.
2. Rætt um punktana frá síðustu fundum nefndarinnar um staðsetningu bókasafns. Formaður nefndarinnar kynnti niðurstöður umræðnanna á fundi vinnuhóps um skólabyggingar 29. nóvember sl. Í umræðum um staðsetninguna kom m.a. fram að aðkallandi væri fyrir Stykkishólmsbæ að gerð verði einhvers konar áætlun eða stefna í safnamálum. Rætt hefur verið um að komið verði á fót ýmsum söfnum hér í bænum en forgangsröðun í þeim efnum vantar. Samþykkt að senda bæjarstjórn punktana frá umræðum um staðsetningu bókasafnsins.
3. Formaður sagði frá fundi sem hann átti fyrir um daginn með bæjarráði um fjárhagsáætlun og einnig með Guðmundi Páli Ólafssyni vegna Ljósmyndasafns.

Fleira ekki bókað og fundi slitið.

Eyþór Benediktsson (sign.),
Guðrún Erna Magnúsdóttir (sign.),
Dagbjört Höskuldsdóttir (sign.),
Menja von Schmalensee (sign.).